

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, og Guðrún Pálsdóttir og Árni Stefánsson og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Afboða, mæta ekki : Viktoría Gísladóttir

Fundur 05.07.2023 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. SMÍ var haldið í Laugardalslaug daganna 10 og 11. júní. SH hélt mótið með SSÍ en vegna verkfalla hjá starfsmönnum sveitafélaga þá var Ásvallalaug lokuð og Árni í Laugardalslaug hljóp undir bagga með okkur mótið fór fram í Laugardalslaug. Synt var í beinum úrslitum (vegna takmarkaðs laugartíma) og hlutarnir voru stuttir og hnitmiðaðir. Mótið tókst mjög vel og keppendur voru um 180 talsins. Haldið var skemmtilegt lokahóf á eftir í anddyri Laugardalslaugar. Stjórn SSÍ þakkar SH og Laugardalslaug kærlega fyrir að redda málum.
- b. AMÍ var haldið í blíðunni á Akureyri daganna 25 – 27. júlí. Mótið tókst mjög vel keppnin var hörð þar sem SH stóð uppi sem sigurvegari liða. Mótið var einstaklega vel skipulegt af heimamönnum og vel mannað. Stjórn SSÍ þakkar sundfélaginu Óðni fyrir samstarfið við framkvæmd mótsins.
- c. Farið var yfir atburðadagatal næsta sundárs. Það er alveg svakalega mikið af mótum í gangi og skipuleggja þarf starfið vel. Fara var yfir mótin okkar AMÍ, SMÍ, Bikar og IM. Samþykkt var að gera örkönnun innan hreyfingarinnar um AMÍ. Rætt verður við SH um ÍM25 og IMOC í Hf og við SRR fyrir IM50 og Bikar. Reglugerð fyrir Bikar og AMÍ verður skoðuð.
- d. Verið er að vinna í milliuppgjöri eftir fyrstu 6 mánuði ársins. Þetta ár verður okkur dýrt og verkefnið dýr og mörg langt í burtu. Halda verður rétt á spöðunum til að ná endum saman á árinu.
- e. Endanleg útgáfa að þýðingu nýrra sundreglna frá World Aquatics er komin frá dómara nefnd til birtingar á netinu. Dómara nefnd eru þökkuð frábær störf við þessa vinnu.
- f. Formaður og framkvæmdastjóri sátu fundi með G7 samstarfinu svokallaða og ÍSÍ. G7 er vinnuheit samstarfi stærstu sersambandana með að koma sameiginlegum málefnum á framfæri við ÍSÍ og beita þrýstingi á til að brýn mál nái fram að ganga.
- g. Framkvæmdastjóri, formaður og yfirmaður landsliðs og afreksmála áttu fund með Vésteini Hafsteinssyni yfirmanni afreksmála sem vinnur bæði fyrir ráðuneyti og ÍSÍ. Fundurinn gekk mjög vel og við erum mjög langt komin í þessum málum að mati Vésteins og hlökkum við til samstarfsins við hann. Hann er ákveðin í að ná mörgum málum í gegnum kerfið sem lúta að íþróttum og umhverfi þessu. Búast má við að þessi vinna skili sér í framkvæmd frá árinu 2025.
- h. HO og VG hafa haldið fundi með aðillum vegna Íslansmótsins í sjósumdi/Víðavatnssundi sem fara mun fram fimmtudaginn 20. júlí. Það verður gaman að ná því aftur í gang eftir dvala Covid árána. Í skjölum með fundinum er bókun um mótið sem samþykkt var af stjórn. Mótið er haldið í samvinnu við Sjó.

- i. Búið að uppfæra lög og reglugerðir frá sundþingi og gera þinggerð fyrir þingið. Nýjustu gögn eiga að vera komin inn á heimasíðu SSÍ.
- j. Nafn móta frá sundþingi. SMÍ verður Sundmeistaramót Íslands, Sigurvegarar verða sigurvegarar í xx grein á Sundmeistaramóti Íslands.
- k. Félagaskiptakafli reglugerða Búið er að breyta kaflanum um 30 daga keppnisgluggann samkvæmt samþykktum sundþings. Nú má keppandi keppa með sínu gamla félagi í 30 daga félagaskiptaglugga. HO og VG eru búin að senda inn tillögur varðandi orðabreytingar á kaflanum um félagaskipti sem verður tekin fyrir formlega á næsta fundi.
- l. Aga- og siðanefnd verður óbreytt frá síðasta tímabili. Hana skipa:
 - Ásdís Vatnsdal Óskarsdóttir, formaður
 - Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
 - Jón Hjaltason
 - Lóa Birna Birgisdóttir
 - Finnbjörn Aðalheiðarson

3. Afreksmál

3.1 Breytingar vegna World Aquatics

- Íslensk met í öllum framangreindum vegalengdum má setja í eftirtöldum flokkum:
 - a) Í opnum flokki jafnt fyrir konur sem karla. Slík met, sem eru besti tími sem íslenskur keppandi eða sundsveit nær í viðkomandi grein, kallast Íslandsmet. Breytingar eru í gulu.
 - b) **Aldursflokkamet** skulu skráð í eftirtöldum aldursflokkum frá og með 1. ágúst 2023:
 - Unglingamet:
 - 16-18 ára karlar
 - 16-18 ára konur (þarf að uppfæra metaskrá)**
 - Aldursflokkamet:
 - 13-15 ára karlar
 - 13-15 ára konur (þarf að uppfæra metaskrá)**
- Breyta aldursflokkum fyrir unglina á ÍM25 og ÍM50 út frá þessu. En þar er unglinaflokkurinn 18 ára og yngri.
- Breyta aldursflokkum fyrir AMÍ þannig að stelpurnar verði með sama aldur og strákar. Þurfum einnig að uppfæra lágmörkin fyrir stelpurnar.

3.2 Önnur afreksmál

- Íslenska sundliðið á Smáþjóðaleikunum á Möltu átti frábært mót og nældi alls í 31 verðlaun á mótinu og hlaut flest verðlaun sundliða. Alls kepptu 21 keppandi fyrir hönd Íslands og var íslenski hópurinn til mikillar fyrirmyndar og bar af hvort sem það er í sambanburði við aðra keppendur í sundi eða í öðrum greinum mótsins. Þjóðarstoltið var í hámarki og mikil hvatning í gangi innan hópsins. Fylgdarfólk SSÍ á mótinu gerði því mjög góð skil á samfélagsmiðlum og í fréttaskotum og fréttatilkynningum. Árangur sundliðsins vakti mikla athygli hjá ráðherra íþróttamála sem var á staðnum svo hjá ráðamönnum ÍSÍ og nýráðnum afreksstjóra ráðuneytis og ÍSÍ.

- **Verkefni framundan**
 - 8. - 9. júlí NÆM Jönköping (SWE) - 9 keppendur og 3 starfsmenn
 - 4. - 9. júlí EMU Belgrad (SRB) - 7 keppendur og 3 starfsmenn
 - 12. - 22. júlí HM50 æfingabúðir Kitakyushu (JAP) - 2 keppendur og 2 starfsmenn
 - 23. - 29. júlí EYOF Maribor (SLO) - 5 keppendur og 1 starfsmaður
 - 23. - 30. júlí HM50 Fukuoka (JAP) - 2 keppendur og 2 starfsmenn
- **Fræðsludagur fyrir þjálfara**
 - Markmið okkar er að vera með fræðsludag og þjálfararáðstefnu fyrir þjálfara á haustmánuðum. Síðust þrjú árin höfum við haldið þjálfararáðstefnu, en nú ætlum við að hafa fræðsludag og samtímis hvetja þjálfara að sækja þjálfararáðstefnu erlendis á næsta sundári.
 - Laugardagurinn 16. September í Laugardal (Drög að dagskrá)
 - 11:00 – 12:00 Landsliðsmál og þjálfaramenntun (Leifi og Raggi)
 - 12:00 – 12:45 Hádegismatur
 - 12:45 – 13:45 Afreksstarf á Íslandi (Vésteinn)
 - 13:45 – 14:30 Aldursflokka og unglinga þjálfun (Klaus)
 - 14:30 – 15:00 Kaffi pása
 - 15:00 – 16:00 Markmiðssetning og andleg þjálfun (Hafrún)
 - 16:00 – 17:00 Glósur frá World Clinic 2023 og umræður (Leifi)

Þegar dagskrá líkur verður boðið upp á fordrykk á staðnum og svo farið á veitingarstað í nágrenninu þar sem við ætlum að eiga góða kvöldstund saman og veita þeim þjálfurum sem bestum árangri hafa náð viðurkenningu.
- **Lágmörk og skipulag fyrir sundárið 2023-2024**
 - Þar sem við ætlum okkar að fylgja WA og LEN hvað aldursflokka varður, höfum við breytt aldursflokkunum á landsliðshópunum á þann hátt að er jafn aldur. Svona eru aldursflokkarnir fyrir sundárið 2023-2024
 - Framtíðarhópur sundfólk fædd árið 2009 – 2011
 - Unglingalandslið sundfólk fædd árið 2006 – 2008
 - Úrvalshópur sundfólk fædd árið 2003 – 2005
 - Afrekslandslið sundfólk fædd árið 2008 og fyrr
 - Við höfum einnig ákveðið að herða lágmörkin í landsliðskerfinu um 0,5 %. Ástæðan fyrir þessu er að landsliðshóparnir eru orðnir of stórir, en í allt voru það 45 einstaklingar sem náðu lágmörkum inn í hópana frá ÍM50 til AMÍ, sem eru 7 fleiri en í fyrra. Við teljum einnig óæskilegt að fjórði hver keppandi á ÍM50 er með lágmörk í landsliðshópa. Öll lágmörk fyrir landsliðshópa og 25m tímabilið er klárt.
 - Hér er yfirlit landsliðhópana fyrir haustið:

Félag	Fullorðnir	Unglingar	Aldursfl.	Samtals	%
Hafnarfjörður	8	7	5	20	44,4%
Breiðablik	0	3	5	8	17,8%
Reykjanesbær	1	2	5	8	17,8%
Akranes	1	2	0	3	6,7%
Árman	0	1	1	2	4,4%
Ægir	0	2	0	2	4,4%
Afturelding	0	1	0	1	2,2%
Álaborg	1	0	0	1	2,2%
Fjölur	0	0	0	0	0,0%
KR	0	0	0	0	0,0%
Óðinn	0	0	0	0	0,0%
Selfoss	0	0	0	0	0,0%
Stjarnan	0	0	0	0	0,0%
UMFB	0	0	0	0	0,0%
Samtals	11	18	16	45	100,0%
Fjöldi keppenda á ÍM50				166	
% af keppendum af ÍM50				27,1%	

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

5. Staðfesting meta

50 metra laug

Íslandsmet Konur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m skriðsund	Snæfríður Sól Jónnardóttir	Aalborg	55,06	30.05.2023	Malta
100m skriðsund	Snæfríður Sól Jónnardóttir	Aalborg	54,97	30.05.2023	Malta
400m skriðsund	Snæfríður Sól Jónnardóttir	Aalborg	04:20,16	31.05.2023	Malta
200m skriðsund	Snæfríður Sól Jónnardóttir	Aalborg	01:58,91	01.06.2023	Malta

50 metra laug

Íslandsmet Karlar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x100m fjórsund	Sveit Íslands	ÍSL	03:46,66	01.06.2023	Malta

(Guðmundur Leo Rafnsson, Anton Sveinn McKee, Simon Stakevicius, Ýmir Sölvason)

Unglingamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m bringusund	Snorri Dagur Einarsson	SH	00:28,33	02.06.2023	Malta
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfánarson	SH	00:24,89	02.06.2023	Malta

Unglingamet stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
--------	-------	--------	-------	-------	---------

Aldursflokkamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
800m skriðsund	Hólmar Grétarsson	SH	08:35,15	30.05.2023	Malta
1500m skriðsund	Hólmar Grétarsson	SH	16:12,57	30.05.2023	Malta

Aldursflokkamet strákar 25m laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
800m skriðsund	Hólmar Grétarsson	SH	08:25,20	24.06.2023	Akureyri
40m fjórsund	Hólmar Grétarsson	SH	04:33,29	23.06.2023	Akureyri

2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Sunna Arnfinnsdóttir	Ægir	ÍA	03.07.2023	01.08.2023
Sandra Rut Fannardóttir	Óðinn	Ármann	29.06.2023	28.07.2023
Freyja Sigríður Ásgeirsdóttir	KR	Ægir	08.06.2023	05.07.2023

3. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
08.06.2023	Sérsambönd Íþróttavika Evrópu	HG ÍSÍ
09.06.2023	Nordic Open Master	MK
04.07.2023	Bókun um Íslandsmótið í Víðavatnssundi	HO

4. Önnur mál:

- Ákveðið var að bóka stjórnarfundir á föstum tíma, annan fimmtudag hvers mánaðar k: 18. Fundirnir verða settir í fundarbókun. Verði að breyta einhverra hluta vegna þá verður það bara gert. Annar miðvikudagur í hverjum mánuði kl. 19
- Þýðing á 4 og 5 kafla sundreglna. Búið er að fá orðanotkun frá samtökum 78 og skoðað verður með að fá þýðandi í að þýða kaflan.
- Skrifstofa SSÍ lokar frá 1/8 – 1/9 vegna sumarleyfa. Ef erindi eru brýn þá vinsamlegast hringið í formann (frá 1-15 ág) og varaformann (15.30 ág) og þau sinna áriðandi erindum og koma í ferli.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.00